



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 14. febrúar 2025

MSS24110084

UMSÖGN

Umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun eftirlits með leikskólaþjónustu og daggæslu í Reykjavík

Á fundi borgarráðs, 14 nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að Reykjavíkurborg endurskoði fyrirkomulag eftirlits með leikskólaþjónustu og daggæslu í Reykjavík. Við þá vinnu verði öryggi og bestu hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi. Þó vissulega sé langalgengast að þeir sem reki daggæslu eða leikskóla í borginni geri það af metnaði og umhyggju, þá hafa komið upp tilvik gegnum árin þar sem aðstæðum ómálga barna reynist ábótavant. Börn verða ávallt að njóta vafans, öryggi þeirra og vellíðan þarf ávallt að vera í forgrunni og þeim þarf að tryggja bestu mögulegu skilyrði. Leggja fulltrúarnir því til endurskoðun á fyrirkomulagi eftirlitsheimsóknna en mikilvægt er að hluti þeirra sé fyrirvaralaus, ekki síst á þá starfsstaði sem reka ungbarnadeildir eða daggæslu fyrir ungbörn. Jafnframt þarf að tryggja gott samstarf, ráðgjöf og stuðning við þá aðila sem reka þessa mikilvægu þjónustu fyrir fjölskyldur í Reykjavík

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í X. kafla [reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum](#) er fjallað um með hvaða hætti ber að hafa eftirlit með starfsemi dagforeldra. Þar kemur meðal annars fram að fara skuli að minnsta kosti í þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári. Til viðbótar fer eftirlitið fram með boðuðum heimsóknum, mánaðarlegum skilum á yfirliti yfir skráð börn í daggæslu og upplýsingum frá foreldrum barna í daggæslu á grundvelli viðhorfskönnunar. Þá geta athugasemdir við störf dagforeldra leitt til ítarlegs eftirlits sem getur þá leitt til þess að óboðuðum heimsóknum er fjölgað.

[Lög um leikskóla nr. 90/2008](#) gilda um sjálfstætt starfandi leikskóla með sama hætti og leikskóla sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Um eftirlitið gildir reglugerð nr. 893/2009 [um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu um skólalæsi](#). Í 4. gr. framangreindrar reglugerðar er kveðið á um eftirlit sveitarstjórnar með leikskólum og nær sú skylda til eftirlits með sjálfstætt starfandi leikskólum. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla hefur skóla- og frístundasvið eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum.



Reykjavík



Ákveðið hefur verið að framkvæmd á árlegu eftirliti skóla- og frístundasviðs í sjálfstætt starfandi leikskólum verði endurskoðuð út frá nýjum þjónustusamningum sem samþykktir hafa verið. Samhliða verði yfirfarin framkvæmd dagforeldraeftirlits. Til upplýsingar er farið árlega í fyrirvaralausar/óboðaðar heimsóknir til dagforeldra og er það gert samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, [nr. 907/2005](#).

Tekið er undir með flytjanda tillögu að mikilvægt er að tryggja gott samstarf, ráðgjöf og stuðning við þá aðila sem reka þessa mikilvægu þjónustu fyrir fjölskyldur í Reykjavík enda er það sameiginlegt markmið aðila að vinna að öryggi og hagsmunum barna.

Virðingarfyllst,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

